FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/212 2025/EES/80/15

frá 13. september 2024

um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2017/2055 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir samstarf og upplýsingaskipti á milli lögbærra yfirvalda að því er varðar neytingu greiðslustofnana á staðfesturétti og frelsi til að veita þjónustu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB og 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB ([1]), einkum 5. mgr. 28. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2055 ([2]) fela í sér villu að því er varðar gildandi einkvæmt auðkennisnúmer fyrir Danmörku. Villan hefur áhrif á efni þess viðauka.

2) Því ætti að leiðrétta framselda reglugerð (ESB) 2017/2055 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæði I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/2055 eru leiðrétt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. september 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/212, 31.1.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2015/2366/oj.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2055 frá 23. júní 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir samstarf og upplýsingaskipti á milli lögbærra yfirvalda að því er varðar neytingu greiðslustofnana á staðfesturétti og frelsi til að veita þjónustu (Stjtíð ESB L 294, 11.11.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2017/2055/oj).

VIÐAUKI

Í stað línunnar fyrir Danmörku í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2055 kemur eftirfarandi:

„**Danmörk**	Skráningarnúmer fyrirtækis (CVR-númer)	8 tölustafa númer (t.d. 12345678)	Fyrir einstaklingsfyrirtæki: Skráningarnúmer fyrirtækis (CVR-númer) Fyrir aðra einstaklinga en einstaklingsfyrirtæki: Kennitala (CPR-númer)	8 tölustafa númer á sniðinu 12345678 10 tölustafa númer á sniðinu 123456-7890“